

ÓTTAR YNGVASON

HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR
SÍDUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 892 1529 & 588 7690
Netfang: ottar@iec.is

Umhverfisstofnun,
Suðurlandsbraut 24,
108 Reykjavík.
Sent á netfang:
umhverfisstofnun@ust.is

6. júní 2018.

Efni: Athugasemdir við tillögu að starfsleyfi fyrir 3.000 tonna regnbogasilungseldi í sjókvíum í Fáskrúðsfirði á vegum Fiskeldis Austfjarða hf.

Fyrir hönd Náttúrverndarfélagsins LAXINN LIFI, Náttúrverndarsamtaka Íslands, Veiðifélags Breiðdæla, Veiðifélags Hofsár og Sunnudalsár, Veiðifélags Selár og Veiðifélags Vesturdalsár er ofangreindri tillögu að starfsleyfi alfarið mótmælt.

Gerð er krafá um að hafnað verði útgáfu nýs starfsleyfis á grundvelli framlagðrar tillögu um regnbogaeldisstóriðju í opnum sjókvíum í Fáskrúðsfirði. Starfsleyfistillagan var auglýst á vef Umhverfisstofnunar hinn 9. maí 2018.

Framkvæmdaraðilinn Fiskeldi Austfjarða hf. hf. er í meirihluttaeigu norsku laxeldisfyrirtækjanna Midt-Norsk Havbruk AS og M NH Holding AS.

Grundvöllur þessarar kröfу er m.a. eftirfarandi:

1. Starfsleyfi fyrir sjókvældi í Fáskrúðsfirði var síðast gefið út 13. febrúar 2013 til eldis á 3.000 tonnum af regnbogasilungi. Starfsleyfið rann út 1. júlí 2017, en var framlengt af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu á grundvelli sérstaks undanþáguákvæðis í 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sérstaklega var tekið fram af ráðuneytisins hálfu, að starfsleyfið gilti ekki lengur en til 1. júlí 2018. Það rennur því út eftir um 3 vikur og ekki er lagaheimild til frekari framlengingar þess.
2. Auglýst tillaga að starfsleyfi fjallar um nýtt starfsleyfi (eins og texti tillögunnar ber með sér), sem háð er reglum um starfsleyfi, þar á meðal um undirbúning og aðdraganda slikrar leyfisútgáfu samkvæmt 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og 4. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá er bent á, að tillagan að nýju starfsleyfi er í fölmögum atriðum frábrugðin gamla starfsleyfinu frá 2013.

3. Framkvæmdin fellur í B flokk skv. 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, þar sem ekki fer á milli mála, að framkvæmdin kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Sjá tl. 1.11. í nefndum 1. viðauka.
- Verður framkvæmdaraðilinn því að byrja undirbúning framkvæmdarinnar með því að láta fram fara mat á umhverfisáhrifum og fá samþykki Skipulagsstofnunar fyrir því mati, áður en Umhverfisstofnun er heimilt að taka til meðferðar umsókn um starfsleyfi framkvæmdarinnar. Þá vísast til tl. 15.9 í 15. gr. reglugerðar nr. 785/1999 fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þar segir, að ef viðkomandi atvinnurekstur er háður mati á umhverfisáhrifum skal í starfsleyfi taka fullt tillit til niðurstöðu matsins áður en starfsleyfið er gefið út. Ennfremur er minnt á tl. 22.3 í 22. gr. reglugerðar nr. 785/1999, þar sem segir, að ef ekki er fallist á fyrirhugaðan rekstur í mati á umhverfisáhrifum, samkvæmt 1. og 2. mgr., er óheimilt að gefa út starfsleyfi.
4. Upphaflega var starfsleyfi gefið út til Salar Islandica ehf. árið 2005 fyrir 3.000 tonna þorskeldi í Fáskrúðsfirði. Árið 2009 tók HB Grandi leyfið yfir og síðast tók Fiskeldi Austfjarða hf. yfir leyfið árið 2012 og var þá eldisheimildin miðuð við 3.000 tonn af regnbogasilungi á ári. Aldrei fór fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og framkvæmdaraðilinn hefur ekki enn notað framleiðsluheimild sína samkvæmt starfsleyfinu frá 2012. Útgefið rekstrarleyfi Fiskistofu frá árinu 2013 rann út á árinu 2016. Gerð hefur verið krafa til Matvaelastofnunar að gegna lagaskyldu sinni skv. 15. gr. fiskeldislaga nr. 71/2008 að fella rekstrarleyfið formlega úr gildi.
5. Af ofangreindum ástæðum er ótímbært á þessu stigi að fjalla efnislega um auglýsta tillögu að nýju starfsleyfi. Þó skal þess getið, að fyrirhugaðar staðsetningar eldissvæða (sjá viðauka 1.) eru í ófullnægjandi fjarlægð frá öðrum fyrirhuguðum eldissvæðum Laxa fiskeldi ehf. (lágmarksfjarlægð 5 km skv. 4. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 1170/2015). Því er starfsleyfistillagan þegar af þeiri ástæðu ótæk. Fyrirhugað eldi Laxa fiskeldis ehf. í Fáskrúðsfirði er í umhverfismatsferli hjá Skipulagsstofnun.

Ítrekuð er krafa um að tillögu um ofangreint starfsleyfi verði hafnað.

Virðingarfyllst,

f.h. Náttúruverndarfélagsins LAXINN LIFI, Náttúruverndarsamtaka Íslands, Veiðifélags Breiðdæla, Veiðifélags Hofsár og Sunnudalsár, Veiðifélags Selár og Veiðifélags Vesturdalsár,



Óttar Yngvason